

## Hver er virðisaukinn af ELDW fyrir þitt samfélag?



- **Efla** þátttökuhefð með því að virkja íbúa til athafna í nærsamfélaginu og sveitarstjórnarmálum.
- **Skapa** styrkari og betri farvegi fyrir þátttöku íbúa í málefnum nærsamfélagsins og auka þekkingu þeirra á evrópskum stofnunum.
- **Auka** traust íbúa á kjörnum fulltrúum og stofnunum með því að hvetja til þátttöku íbúa í opnara og gagnsærra ákvörðunarferli.
- **Styrkja** skilning á gagnkvæmri ábyrgð íbúa, kjörinna fulltrúa og sveitarfélaga.
- **Próa** samskipti milli íbúa.
- **Gefa** evrópskri skírskotun vægi í lýðræðisvinnu.

### Hafðu samband

✉ [democracy.week@coe.int](mailto:democracy.week@coe.int)

🌐 [www.coe.int/demoweb/fr](http://www.coe.int/demoweb/fr)




Prens 070417 - ISL

[www.coe.int/congress/fr](http://www.coe.int/congress/fr)

Evrópuráðið eru samtök Evrópuríkja sem vinna að framgangi mannréttindamála. Innanþess eru 47 aðildarríki, þ. á m. Ísland og öll 28 aðildarríki Evrópusambandsins. Sveitarstjórnarþingið er stofnun innan Evrópuráðsins sem hefur það hlutverk að styrkja staðbundið lýðræði í sveitarfélögum allra 47 aðildarríkjanna. 636 kjörnir fulltrúar frá meira en 200.000 héraðs- og sveitarstjórnnum eiga sæti á þinginu.



Evrópska  
lýðræðisvikan



Skjal söfnun  
Útgáfudagur: 25.03.2026



Evrópska  
lýðræðisvikan/ELDW,  
hvað er það?

## “Evrópska lýðræðisvikan” (ELDW) er haldin um alla Evrópu í október á hverju ári

Héraðs- og sveitarstjórnir í 47 aðildarríkjum Evrópuráðsins er boðið að skipuleggja opinbera viðburði í því skyni að:

- **Vekja** athygli íbúa í Evrópu á lýðræði í sveitarfélögum til að auka þekkingu þeirra og þátttöku í sveitarstjórnarmálum.
- **Hvetja** kjörna fulltrúa til að auka og dýpka samræðu þeirra við íbúa til að efla staðbundið lýðsræði.
- **Kynna** starf Evrópuráðsins og Sveitarstjórnarþings þess til að styrkja staðbundið lýðræði og virðingu fyrir mannréttindum alls staðar í Evrópu.

Evrópska lýðræðisvikan er haldin í kringum 15. október hvert ár í tilefni af Evrópusáttmálanum um sjálfstjórn sveitarfélaga en þann dag 1985 var sáttmálinn opnaður til undirritunar. Ísland er aðili að sáttmálanum. Þátttakendur geta þó valið að halda evrópsku lýðræðisvikuna á hentugri tíma um þetta leyti.

Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins hefur yfirumsjón með framkvæmd ELDW.



Hvernig er hægt að  
taka þátt í evrópsku  
lýðræðisvikunni?

## Allar upplýsingar um skráningu er hægt að nálgast á vefsíðu ELDW

[www.coe.int/demoweeek](http://www.coe.int/demoweeek)

### Á vefsíðu ELDW má finna

- Almennar upplýsingar, hugmyndir um þemu, umsgnir, viðburði fyrri ára og verkfæri.
- Auðkenni, veggspjöld og bæklingar sem hægt er að hlaða niður á mörgum tungumálum.
- Listi yfir landsfulltrúa ELDW, samstarfssamtök og tengiliði fyrir ELDW teymi Evrópuþingsins.

### 3 SKREF AÐ ÞÁTTTÖKU Í ELDW

1. fyllið út skráningareyðublaðið á netinu  [www.coe.int/demoweeek-registration](http://www.coe.int/demoweeek-registration) og fáið eigin ELDW aðgang,
2. skipuleggið viðburði sem tengjast meginþema ársins og málefnum ofarlega á baugi í ykkar samfélagi og notið ELDW auðkennin,
3. gerið viðburði ykkar sýnilega á vefsíðu ELDW með því að hlaða þeim niður í gegnum þinn aðgang að síðunni.